

## Tillögur stjórnar að lagabreytingum

### 1. kafli. Nafn, heimili og hlutverk (fyrsta málsgrein)

Félagið heitir Félag eldri borgara í Hveragerði.

Breyting: Félagið heitir Félag eldri borgara Hveragerði, skammstafað FebHver.

### 4. kafli. Skipan stjórnar og verkefni (fjórða málsgrein, fimmta málsgrein)

Stjórnin hefur á hendi yfirstjórn á fasteign félagsins og skipar fulltrúa í hússtjórn.

Breyting: Stjórnin hefur á hendi yfirstjórn á fasteign félagsins, skipar fulltrúa í hússtjórn og tekur ákvörðun ef leigja á eða veita öðrum en félagsmönnum afnot af fasteign félagsins.

Eftirfarandi málsgrein fellur brott: Á sama hátt þarf samþykki löglega boðaðs félagsfundar ef leigja á eða veita öðrum en félagsmönnum afnotarétt á fasteign félagsins.

### 5. kafli. Aðalfundur (þriðja málsgrein)

Aðalfundur skal halda í febrúar ár hvert. Boða skal til aðalfundar og félagsfundar með viku fyrirvara með dreifibréfi til félagsmanna, í héraðsblaði og í Þorlákssætri.

Breyting:

Aðalfundur skal halda í febrúar ár hvert. Boða skal til aðalfundar og félagsfundar með tveggja vikna fyrirvara með tölvupósti til félagsmanna, á heimasíðu félagsins og í Þorlákssætri. Aðalfundur skal auk þess auglýsa í svæðisblaði á Suðurlandi.

22. janúar 2025

Stjórn FebHver